

Alþingi  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 6. apríl 2022  
Tilvísun: 2022030584/GIÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 (skimunarskrá)**

1.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 17. mars 2022 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 (skimunarskrá) (pskj. 593, 414. mál á 152. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er fyrirhugað að veita embætti landlæknis heimild til að halda miðlæga meðferðatengda heilbrigðisskrá á landsvísu í tengslum við krabbameinsskimanir sem nefnist skimunarskrá. Markmið frumvarpsins er þannig að færa ábyrgð skrárinnar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem nú heldur slíka skimunarskrá, til embættis landlæknis. Í frumvarpinu er einnig að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um þær persónugreinanlegu upplýsingar sem heimilt verði að safna og varðveita í skránni, sem og öryggisráðstafanir og réttindi hinna skráðu.

2.

Persónuvernd áréttar nauðsyn þess að fyllsta öryggis verði gætt við vinnslu persónuupplýsinga í umræddri skrá og að skýrt verði skilgreint í reglugerð ráðherra hvaða persónuupplýsingar heimilt verði að safna og varðveita í skránni.

Eins og fram kemur í frumvarpinu var framkvæmt mat á áhrifum á persónuvernd samhliða almennu áhrifamati í tengslum við frumvarpsgerðina og voru niðurstöður skráðar í greinargerð. Tekið skal fram að Persónuvernd telur þetta vera vandað verklag og mætti framvegis hafa það að fyrirmynd við setningu löggjafar þar sem huga þarf sérstaklega að persónuverndarsjónarmiðum.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við í tengslum við frumvarpið. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,  
  
Vigdís Eva Lindal

  
Gunnar Ingi Ágústsson